

Íslenskur sjávarútvegur, heimsafli og sóknarfæri utan íslenskrar lögsögu

Ágæti ráðherra, fundarstjóri og aðrir gestir Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Á þessari fimmtu Sjávarútvegsráðstefnu verður fjallað um mörg og mikilvæg málefni sem snúa að sjávarútveginum og verðmætasköpun hans. Ég er með yfirlit yfir sjávarútveginn sem á að nýtast þegar farið er dýpra í einstaka þætti á þessum tveimur dögum.

Ræðan er þrískipt. Í fyrsta lagi fer ég yfir hvert framboð af hráefni hefur verið til vinnslu og útflutnings árið 2013, ég er með áætlun um framboð fyrir þetta ár og spái fyrir næsta árið. Í öðru lagi er ég með yfirlit yfir heimsframboð sjávardýra úr veiðum og eldi og hvernig framboð samkeppnistegunda íslenskra botnfiska hefur þróast. Og í þriðja lagi skoða ég mikilvægi deilistofna fyrr sjávarútveginn, lít á útgerð Íslendinga utan lögsögunnar og legg mat mitt á hvar frekari tækifæri geti verið að finna.

1. Framboð úr veiði, eldi og innflutningi, vinnsla bolfisks og sala sjávarafurða

Í þessum fyrsta hluta mun ég fara hratt yfir talsvert mikið af upplýsingum, en allar myndirnar munu síðar vera aðgengilegar á vef ráðstefnunnar.

Á þessari mynd sést afli frá 1990 til 2013 brotinn niður á einstakar tegundir botnfiska, jafnframt sést afli fyrstu 9 mánuði þessa árs borið saman við sama tíma á síðasta ári. Ég set svo fram áætlun fyrir hver aflinn verður í ár og spái fyrir næsta ár, byggðri á upplýsingum um kvóta og ráðleggingar sem fyrir liggja.

Veiðar á botnfiskum náðu hámarki á síðasta ári þegar þær voru 457.000 tonn sem var yfir 30.000 tonna aukning frá fyrra ári, en árlegur afli botnfiska hefur í 20 ár verið á milli 400-500.000 tonn.

Það er samdráttur í afla fyrstu 9 mánuði þessa árs og má reikna með um 12.000 tonna minnkun í afla yfir árið og líklegt er að frekari lækkun verði einnig á næsta ári, vegna þess að það er minni kvóti á ýmsum tegundum, s.s. ýsu og karfa. Óljóst er hver þorskaflinn verður, við vitum ekki hvort veitt verður umfram ráðleggingar Hafró eins og í ár.

Veiðar á flatfiskum hefur verið milli 20 or 30 þús tonn á síðustu 10 árum, afli af grálúðu skiptir þar mestu máli og var heildarafli flatfiska 25 þús.tonn í fyrra.

Við sjáum þó nokkra minnkun á grálúðu í ár og það er ólíklegt að aflinn fari yfir 23.000 yfir árið, en á næsta ári er spáð að afli grálúðu aukist og að heildarafli flatfiska verði aftur 25.000 tonn.

Uppsjárveiðar hafa skipt sjávarútveginn miklu máli á síðustu árum og sjáum við, að veiðar árið 2012 eru tæpar 1 milljón tonna. Aflinn dróst saman á síðasta ári og var 869.000 tonn, mestu munaði um minni loðnuafli en nokkur samdráttur var einnig í öðrum tegundum.

Það hefur orðið mikill samdráttur í ár vegna lélegs ástands á loðnu og einnig norsk íslensku síldinni, en líklega verður uppsjávarafli í ár ekki meiri en 624.000 tonn, sem er samdráttur upp á 240.000 tonn. Útlitið á næsta ár er ekki gott, það verður samdráttur í norsk íslensku síldinni og kolmunna og líklega einnig í makríl, en teikn eru um betri afla í loðnu. Heildarafli gæti numið rétt undir 600.000 tonnum.

Það veiddust 14.500 tonn af skel- og krabbadýra í fyrra sem er besti árangur frá 2005, en ekki svipur hjá sjón ef litið er 20 ár aftur í tímann. Humar er nokkuð stöðugur, rétt undir 2.000 tonnum en tilraunaveiðar á hörpudiski eru byrjaðar, sem er mjög ánægjulegt.

Veiði á rækju, sem er mikilvægasta tegundin, hefur ekki verið góð í ár og er líklegt að ekki veiðist meira en 8-9.000 tonn, sem þýðir 12.000 tonna afla af skel- og krabbadýrum í ár. Ég spái 13.000 tonnum á næsta ári, það stefnir í samdrátt í rækju en vonandi fer einhver að veiða kúfisk, en Hafró mælir með veiðum á hverju ári, sem litið hefur verið nýtt.

Förum þá úr veiði í eldi sem gegnir mikilvægu hlutverki hjá mörgum þjóðum, en er enn þá lítill hluti af íslenskum sjávarútvegi. Fiskeldi er á uppleið, en síðustu tvö árin hefur magnið verið yfir 7.000 tonn vegna þess að laxeldi hefur aukist á ný sem og silungselði.

Í ár verður vöxtur í framleiðslu á eldisfiski og áætlað magn er 8.600 tonn, en aukning verður í Íslandsbleikju, laxi og silungi. Og á næsta ári fer magnið yfir 10.000 tonn sem er mesta magn frá 1990 og er aukningin mest í laxi en einnig talsverð í silungi.

Innflutningur á hráefni til vinnslu og sölu er þrenns konar, í fyrsta lagi fryst hráefni til vinnslu, s.s. sjófryst rækja til pillunar, í öðru lagi ferskur botnfiskur, að mestu leyti þorskur og í þriðja lagi landanir erlendra uppsjávarskipa. Í fyrra var þetta magn 67.000 tonn, en innflutningur er fljótlegasta leiðin fyrir sjávarútveginn til að auka magn til ráðstöfunar.

Það má reikna með einhverri aukningu í ár, m.a. vegna meiri landana á ferskum þorski úr Barentshafi, sem numið hefur um 4.000 tonnum í ár og heldur vonandi áfram á næsta ári, en líklegt er þó að heildarinnflutningur minnki vegna samdráttar í ýmsum uppsjávarveiðum. Veiðar við Grænland geta kannski breytt þessu.

Heildarframboð af hráefni til sjávarútvegsins lítur þá þannig út. Það voru á síðasta ári yfir 1.440 þús.tonn til ráðstöfunar sem var samdráttur upp á 80.000 tonn frá árinu 2012.

Það verður samdráttur í ár og horfur á næsta ári eru ekki góðar. Reikna má með um 250.000 tonna minnkun í ár og frekari samdrætti á næsta ári, þegar heildarframboðið nemur um 1.140 þús.tonnum sem er 300.000 tonna minnkun frá 2013. Þetta er slæmt fyrir greinina og því mikilvægt að leita leiða til að bregðast við þessum samdrætti.

Útflutningur

Heildarútflutningur sjávarafurða nam á liðnu ári 282 mrð.kr og er það aukning um 4 mrð. frá fyrra ári. Vestur Evrópa er langstærsta svæðið með 65% af útflutningi, og Austur Evrópa með Rússlandi er með 15% af útflutningi, en hvort svæðið eykur sína hlutdeild um 1% frá 2012, Norður Ameríka vex einnig og er me' um 7% af útflutningi á meðan að útflutningur til Asíu og Afríku dregst saman.

Hér sjáum við 10 stærstu afurðaflokkana á síðasta ári miðað við verðmæti. Helstu breytingar eru þær að grálúða kemur inn á listann í 10. sæti en landfryst sildarflök falla út. Það eru hliðrarnir á listnaum en mikilvægustu afurðirnar eru óbreyttar: fersk þorskflök, fiskimjöl og helifrystur makrill eru efst, en fróðlegt er að þessir 10 flokkar erum með um 56% af útflutningi. Í efsta sæti með 28 mrð.kr. verðmæti og 10% af útflutnings eru fersk þorskflök og er vert að skoða þennan útflutning betur.

Útflutningur á ferskum flökum hefur vaxið gríðarlega eða um 50% á síðasta áratugi. Ef ekki hefði komið til samdráttar í ýsueiði er ég viss um að vöxturinn hefði verið enn meiri. Ef við lítum á fersk þorskflök og flakaafurðir, þá hefur útflutningur þeirra rúmlega tvöfaldast frá 2008, en í fyrra var hlutdeild þeirra í útflutningi á þorski 19% af magni og 31% af verðmætum. Tölur fyrir 2014 sýna að útflutningur mun halda áfram að aukast og miðað við fjárfestingar í nýjum ferskfiskskipum má reikna með frekari vexti næstu árin. Þetta er verulega góður árangur, sem margir höfðu ekki trú á.

Ekki er tími til að skoða fleiri dæmi um árangur í útflutningi, en margt áhugavert hefur verið að gerast síðustu árin, s.s. niðurlagning á lifur sem skilaði yfir 4 mrð. í fyrra í útflutningstekjur, landfrystir flakaskammtar, þurrkaðar afurðir, eða grásleppubúkum. Á móti kemur minnkun í sjófrystum flökum.

Við sjáum hér mynd sem sýnir heildarmagn þorsks sem verið hefur til ráðstöfunar frá 2000 og útflutningsverð á hráefniskíló á föstu gengi 2013. Það má sjá að hvert kíló af þorski skilaði 380 kr. á síðasta ári sem er lækkun um 24 kr. frá 2012 og er sama krónutala og fyrir 10 árum. Vissulega lækkuðu verð mikið á mörkuðum í fyrra, en það eru mikil vonbrigði að sjá svo mikla lækkun og það sé ekki verið að skapa meiri verðmæti úr hverju kíló sem aflað er. Hvað veldur? Getum við ekki tryggt meiri stöðugleika á mörkuðum, getur það verið að sjávarútvegurinn elti þá markaði sem borga hæsta verð á hverjum tíma og gleymi um leið að leggja sig fram um að ná góðum langtíma mörkuðum? Stöðugt og áreiðanlegt framboð tryggir að jafnaði minni sveiflur í verðum og að mínu mati hærra verði til lengdar. Þetta sjáum við í eldisfiski eins og t.d. laxi.

Síðustu ár hafa verið góð fyrir sjávarútveginn, mikill afli og veik króna, og voru fluttar út sjávarafurðir fyrir 282 mrð.kr í fyrra en inn í þessum tölum eru 9 mrð sem vantar í opinberar tölur Hagstofunnar, sem eru eldisfiskar og afurðir í loftæmdum umbúðum, s.s. niðursoðin lifur.

Það hefur orðið breyting í ár með samdrætti í afla og styrkingu krónunnar og er líklegt að samdráttur nemi 6% og að útflutningsvermæti verði aðeins um 260 mrð. Á næsta ári heldur samdráttur í hráefnisframboði áfram og það má reikna með að krónan styrkist á næstu árum sem boðar ekki gott. Ljós punktur eru hækkandir markaðsverð á þorski og öðrum tegundum, svo kannski verða verðmæti útfluttra afurða á næsta ári svipuð og í ár eða 260 mrð.kr.

2. Heimsframboð sjávarafurða og samkeppnistegundir Íslands

Förum nú út fyrir lögsögu Íslands og skoðum samkeppnisumhverfi landsins. Stóra myndin lítur svona út: Árið 2012 var framboð af sjódyrum 158m tonn og skiptist það magn þannig, veiðar voru 91m tonn, og eldi og ræktun, 67m tonn. Myndin sýnir hvernig þetta framboð hefur þróast frá 1990. Villtar veiðar eru stöðugar í kringum 90m tonn á ári, og bendir ekkert til þess að það magn muni aukast. Sagan með eldið er önnur, það eykst um 2-3m tonna á hverju ári frá 1998 og ef sú þróun heldur óbreytt áfram, verður magn villtra veiða og eldis orðið jafnt eftir 10 ár.

Ef við skoðum heildarframboðið eftir uppruna, sést mjög áhugaverð mynd. Þessi mynd sýnir framboð eftir álfum, rauði liturinn táknar veiðar og blái eldi. Við sjáum að Asía er með 110 m.tonn eða 2/3 af heildarframboði og að rúmur helmingur þess er úr eldi. Hér er það Kína sem gnæfir yfir aðrar þjóðir, á meðan Evrópa er með um 16m tonn og Ameríka með 22m tonn. Vöxturinn er og verður í Asíu.

Lítum okkur nær og skoðum samkeppnistegundir Íslendinga í botnfiskum, en hún kemur bæði úr veiðum og frá eldisfiskum. Samkeppnin fer inn á sömu markaði og íslenskar tegundir og því mikilvægt að fylgast með. Þessar tegundir eru lax, bæði úr Atlantshafi og Kyrrahafi, beitarfiskur sem er vaxandi, pangasius og silungur. Á næsta ári koma um 9m tonn af þessum tegundum inn á markaðinn á meðan að botnfiskar úr veiði skila 7m tonnum. Veiðar hafa verið á milli 6-7 m tonna í langan tíma, en tilkoma eldistegunda mætir vaxandi eftirspurn eftir fiski á flestum mörkuðum og um leið breytir það hvernig Íslendingar geta og eiga að markaðssetja sinn fisk, það eru bæði tækifæri og ógnanir til staðar.

3. Mikilvægi deilistofna og frekari tækifæri fyrir sjávarútveginn utan íslenskrar lögsögu

Núna ætla ég að fjalla um mikilvægi deilistofna í veiði og hvernig íslenskar útgerðir hafa nýtt sér tækifæri utan lögsögunnar.

Þessi mynd sýnir veiðar, eldi og innflutning á Íslandi fyrir árið 2013. Það komu 80% úr veiðum innan lögsögunnar og 15% utan hennar, 5% voru flutt inn og um hálf þúsund prósent kom úr eldi. En ef við skoðum veiðar íslenskra skipa eftir því hver stjórnar veiðum úr helstu stofnum þá blasir við önnur mynd.

Athygli á deilistofnum hefur aukist eftir að makrílveiðar jukust hér við land og er það vel við hæfi, því þeir skipta mjög miklu máli. Deilistofn er stofn sem gengur á milli lögsögu landa og um alþjóðlegt hafsvæði og byggist stjórn á veiði úr þeim á sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á þessari mynd sjáum við lista yfir mikilvægustu tegundir sem veiddar eru hér á landi og falla undir þessa skilgreiningu. Sumum finnst kannski einkennilegt að loðna sé á listanum, en hún á engu að síður þar heima. Íslendingar þurfa því að semja við aðrar þjóðir um stjórnun og veiðar á henni.

Á myndinni tákna grænar súlur heildarafla, þær bláu afla úr deilistofnum og rauða línán sýnir hlutdeild þeirra í heildarafla. Afli úr deilistofnum og samningum hefur verið 55 til 75% af heildarafla allt frá árinu 1992, en allir uppsjávarfiskar fyrir utan

Íslenska sumargotssíld eru deilistofnar undir sameiginlegri stjórn með öðrum löndum. Ef loðna er ekki talin með var hlutfallið engu að síður 30-50% á síðustu 10 árum.

Það hefur því náðst verulegur árangur í að bæta við stofnum sem hægt er að veiða úr, það má þá spyrja sig, hvort ekki megi gera enn betur og sækja í enn fleiri stofna. Málið er þó flóknara eins og við heyrðum frá Jóhanni Sigurjónssyni fyrir tveimur árum, hlýnun sjávar hefur fært nýja stofna til okkar og mun hugsanlega gera í framtíðinni, s.s. hestamakríl, smokkfisk og brisling, en hún getur einnig þýtt að stofnar færi sig úr landhelginni. Verkefnið hlýtur því bæði að vera að sækja á nýja stofna og að verja okkar núverandi hagsmuni.

Við höfum náð í hlutdeild í ýmsum stofnum og farið ýmsar leiðir til þess, spurningin er, hvernig getum við náð í heimildir í fleiri tegundum? Margt hefur gerst á síðustu 20 árum og sýnir þessi mynd hvar íslenskir útgerðarmenn eru með eignarhald í útgerðum utan íslenskrar lögsögu, ýmist meirihluta eða minnihluta. Eftir lauslega könnun telst mér til að hér sé um yfir 65 skip að ræða, flest togarar og uppsjávarskip, en einnig nokkra smærri báta. Ef aflinn er áætlaður, miðað við varkárt mat, þá er þessi floti að veiða yfir 500 þús. tonn á ári sem er nálægt helmingur af ársafla íslenskra skipa. Þetta er ótrúlegt magn og telst mér til að verðmæti hans sé yfir 100 mrð.kr, en mest af þessum afla er í Norður Atlantshafi en einnig á ýmsum öðrum svæðum í Atlantshafi og jafnvel Kyrrahafi.

Þessar veiðar geta verið viðkvæmar og því ber að fara að öllum með gát, en væri ekki þess virði að sjávarútvegurinn og stjórnvöld færu sameiginlega í þá vinnu að greina hvar frekari sóknarfæri eru á erlendum miðum? Ísland hefur ýmsa yfirburði í sjávarútvegi, m.a. er mikil sókn í íslenska stjórnendur um borð í togurum erlendis. Í Evrópu, sjáum við mikla samþjöppum í veiðum. Það er m.a. vegna þess að áhugi í Evrópu á sjómennsku og útgerð fer minnkandi en fá, sterk fyrirtæki vaxa og sækja í veiðar utan sinnar heimalögsögu. Samherji, sem er stærsta íslenska útgerðarfyrirtækið, er með rúmlegan helming af þeim skipum, sem eru á þessari mynd. Önnur íslensk fyrirtæki sem verið hafa virk erlendis eru t.d. HB Grandi og Vísir, auk þeirra útgerða sem sótt hafa á Grænlandsmið síðustu misseri. Til viðbótar eru mörg lítt þekkt fyrirtæki sem eru fyrst og fremst starfandi utan Íslands. Erlendis sjáum við hollensk, norsk, rússnesk, japönsk og kínversk fyrirtæki sérhæfa sig og auka verulega við sig veiðiheimildum.

Til þess að átta sig á því hvaða tegundir og hvaða magn er um að ræða, þá hef ég gert yfirlit yfir veiðar í Atlantshafi. Því er hér skipt í svokölluð FAO svæði, og sjáum við það magn sem veitt var 2012 á hverju svæði af sjófiskum og lin- og krabbadýrum, en heildarafli var um 19m tonn. Þar af eru 4m tonn af botn- og flatfiskum og 9m tonn af uppsjávarfiskum. Lang stærsta svæðið er svæðið í kringum og nálægt Íslandi, Norðaustur Atlantshafið, með um. 8,1m tonn en það ár var afli Íslendinga 1,4m tonn eða 19% af þessu magni. Næst stærsta svæðið er Mið-austur Atlantshaf með 4m tonn, en á þessu svæði hafa ýmsar íslenskar útgerðir veitt. Önnur svæði eru með 1,5 til 2m tonna afla hvert. Tegundir, sem veiddar eru, eru flestar þekktar og veiðiaðferðir sömleiddis. Tekst útgerðarmönnum að ná í frekari heimildir upp á eigin spýtur eða getur aðkoma stjórnvalda bætt einhverjum við, t.d. í gegnum samninga?

Að lokum

Ágætu ráðstefnugestir

Það er verk að vinna fyrir sjávarútveginn á næstu árum, því líklegt er að afli dragist saman og þar með útflutningstekjurnar. Ég hef rætt nokkrar leiðir til að bregðast við þessum samdrætti, en varðandi uppistöðu sjávarútvegsins, þ.e. veiðar og vinnsla, eru fjórir þættir sem ráða mestu um hvort árangur næst. Það þarf að:

Hámarka nýtingu stofna innan lögsögunnar, m.a. með hafrannsóknnum og áreiðanlegri fiskveiðistjórnun

Sækja í meiri afla utan lögsögunnar sem sókn útgerðarmanna og samningum stjórnvalda

Stunda öflugar rannsóknir og þróun á öllum sviðum – það þarf reglulegar nýjungar í vörum og vinnslu

Og eins og ég legg ætíð áherslu á: Það þarf að greina íslenskan fisk frá öðrum, íslenskar afurðir hafa mjög sterka stöðu á mörgum mörkuðum og þarf markaðssetningin að byggjast á einstökum yfirburðum þeirra.